

Heildaruppgjör verktaka
Fjölnota Íþróttahús, Árborg
Engjavegi, 800 Selfoss

Inngangur

Samantekt á heildaruppgjöri verktaka á byggingu Fjölnota íþróttahúss á Selfossi.

Samningsverktakar voru þrír, Þjótandi ehf. sá um jarðvinnu, Ístak hf. sá um húsbyggingu og Metatron ehf. sá um innahúsfrágang. Tilboð hvers verktaka og heildarkostnaður, með og án aukaverka, er borinn saman ásamt hlutfallslegum mun á samanlagðri samningsupphæð og heildarupphæð allra verktaka. Á næstu síðum er samantekt á heildaruppgjöri verktaka, hver fyrir sig.


Þjótandi ehf.

Heildaruppgjör, Þjótandi ehf., við vinnu á Fjölnota íþróttahúsi á Selfossi varð eftirfarandi.

Þjótandi - Uppgjör			
	Tilboð verktaka	Heildarkostnaður	Með aukaverkum
Kostnaður	122.672.490 kr.	144.827.246 kr.	157.133.907 kr.
Hlutfall	100%	118,1%	128,1%

Tilboð Þjótandi ehf. var um 18,1% lægra en raunverulegur heildarkostnaður sem varð við lok verks skýrist af magnaukningum sjá nánar skilagrein eftirlits. Með aukaverkum varð heildarkostnaðurinn 28,1% hærri en upphaflegt tilboð Þjótandi ehf.

Á línuritinu að neðan má sjá hlutfallslegan mun á tilboði Þjótandi ehf. og raunverulegum heildarkostnaði með aukaverkum.




Metatron ehf.

Heildaruppgjör, Metatron ehf., við vinnu á Fjölnota íþróttahúsi á Selfossi varð eftirfarandi.

Metatron - Uppgjör			
	Tilboð verktaka	Heildarkostnaður	Með aukaverkum
Kostnaður	115.233.546 kr.	106.896.045 kr.	110.574.391 kr.
Hlutfall	100%	92,76%	95,96%

Tilboð Metatron ehf. var um 7,24% hærra en raunverulegur heildarkostnaður sem varð við lok verks. Með aukaverkum varð heildarkostnaðurinn 4,04% lægri en upphaflegt tilboð Metatron ehf.

Á línuritinu að neðan má sjá hlutfallslegan mun á tilboði Metatron ehf. og raunverulegum heildarkostnaði með aukaverkum.



Ístak hf.

Heildaruppgjör, Ístak hf., við vinnu á Fjölnota íþróttahúsi á Selfossi varð eftirfarandi.


Ístak - Uppgjör				
	Tilboð verktaka	Heildarkostnaður	Með aukaverkum	Heildarkostnaður: aukaverk. + verðbætur.
Kostnaður	1.111.383.681 kr.	1.144.620.119 kr.	1.160.024.838 kr.	1.201.765.335 kr.
Hlutfall	100%	103,0%	104,4%	108,1%

Tilboð Ístak hf. var um 3,0% lægra en raunverulegur heildarkostnaður sem varð við lok verks.

Með aukaverkum varð heildarkostnaðurinn 4,4% hærri en upphaflegt tilboð Ístak hf.


Samningur Ístak hf. innihélt að fyrstu 12 mánuði framkvæmdatímans yrðu engar verðbætur greiddar en eftir það tímamark myndu greiðslurnar breytast til hækkunar eða lækkunar, í hverjum mánuði, í samræmi við vísitölubreytingar hjá Hagstofu Íslands. Því varð heildarkostnaðurinn með verðbótum og aukaverkum 8,1% hærri en upphaflegt tilboð Ístak hf.

Á línuritinu að neðan má sjá hlutfallslegan mun á tilboði Ístak hf. og raunverulegan heildarkostnaði með aukaverkum og verðbótum.



Heildarkostnaður verktaka

Á línuritinu að neðan má sjá hlutfallslegan mun á tilboðum og heildarkostnaði hjá Þjótandi ehf., Metatron ehf og Ístak hf fyrir vinnu á Fjölnota Íþróttahúsi Árborgar.



Samanlögð heildar samningsupphæð og heildarkostnaður hjá Þjótandi ehf., Metatron ehf. og Ístak hf. urðu eftirfarandi.

	Samningsupphæð	Heildarupphæð - unnið magn
Kostnaður	1.349.289.717 kr.	1.469.473.633 kr.
Hlutfall	100%	108,9%

Samningsupphæð verktaka var um 8,9% lægri en raunverulegur heildarkostnaður.

Á línuritinu að neðan má sjá hlutfallslegan mun á samningsupphæð og raunverulegum heildarkostnaði.

Heildar verktaka kostnaður

